



Kennsluáætlun

Náttúrufræði, haustönn 2018-2019

5. bekkur

Kennari: Lárus Ástmar Hannesson

Undir náttúrufræði heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Nám í náttúrufræðum ætti að einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum og nemendur ættu að fá tækifæri til að kanna, hanna og framkvæma hugmyndir í þágu samfélagsins og prófa leiðir til uppýsingaöflunar og úrvinnslu.

Lykilhæfni:

Ákveðin hæfniviðmið eru sett upp fyrir 4., 7. og 10. bekk. Þeim er gróflega skipt í tvo flokka sem tvinnast saman, þ.e. verklag og viðfangsefni og skiptast þeir þannig:

Hæfniviðmið um verklag:

- * geta til aðgerða
- * nýsköpun og hagnýting þekkingar
- * gildi og hlutverk vísinda og tækni
- * vinnubrögð og færni í náttúrugreinum
- * efling ábyrgðar á umhverfinu

Hæfniviðmið um viðfangsefni:

- * að búa á jörðinni
- * lífsskilyrði manna
- * náttúra Íslands
- * heilbrigði umhverfisins
- * samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Grunnþættir:

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni - Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti - Heilbrigði og velferð - Sköpun. Unnið verður með alla þessa þætti.

Námsefni

Innlegg kennara og veraldarvefurinn. Komið með líffæri til að skoða.

Námsmat skiptist í: Bók sem nemendurnir gera sjálf 40%, vinnusemi og virkni (40%), próf (20%).

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Mat
30. ágúst – 7. sept.	<i>Stefnt er að því að nemendur geti:</i> - lýst helstu líffærakerfum mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum - útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er - útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættualda í umhverfinu		
10. – 21. september	<i>Sama og áður er talið.</i>	<i>Líffæri í brjóstholi</i>	
24. sept. – 5. okt.	<i>Sama og áður er talið.</i>	<i>Líffæri í brjóstholi</i>	
8. – 19. október	<i>Sama og áður er talið.</i>	<i>Líffæri í kviðarholi og skynjunarþættir, taugakerfi og heili</i>	
23. okt. – 2. nóvember	<i>Sama og áður er talið.</i>	<i>Beinagrindin, húðin, matur og heilsa.</i>	
5. – 16. nóvember	<i>Sama og áður er talið.</i>	Uppgjör og próf	

Birt með fyrirvara um breytingar